



Nóvember 2014

Fréttir úr skóla– og frístundastarfi



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

VIRKJUM STYRKLEIKA BARNNA

Ávarp Skúla Helgasonar, formanns skóla– og frístundaráðs.

[Sjá meira](#)

LEIKLISTARGYÐJAN DAFNAR Í LAUFSKÁLUM

Leiklist stuðlar að sterkari sjálfsmynd ungra barna og betri hæfni til að setja sig í spor annarra. [Sjá meira](#)

SAMRÆMD MÖTUNEYTISÞJÓNUSTA

Verið er að innleiða nýjan þjónustustaðal fyrir mötuneyti leik– og grunn-skóla í Laugardal og Háaleiti. [Sjá meira](#)

AUÐUR Í MARGBREYTTILEIKA MÓÐURMÁLA

Að viðurkenna ólík móðurmál er viðurkenning á ólíkri menningu og bakgrunni barna í fjölmenningslegum nemendahópi. [Sjá meira](#)

LEGÓ OG UMHVERFISVITUND Í MELASKÓLA

Legókubbar eru alltaf jafn heillandi efniviður og í Melaskóla hafa þeir átt sinn þátt í aukinni umhverfisvitund barnanna. [Sjá meira](#)

SNJALLTÆKI OG MEIRI SVEIGJANLEIKI

Spjaldtölvuvæðing skólanna er hafin og unnið á margvíslegan hátt að skólaþróun með nýrri tækni. [Sjá meira](#)

BÖRN ERU FLÍNKR VÍSINDAMENN

Vísindaleikir í Björtuhlíð er námsaðferð sem þróuð hefur verið og leggur grunn að skilningi á eðlisfræðilegum hugtökum. [Sjá meira](#)

MENNINGARFRÆÐSLA MEÐ KYNJAGLERAUGUM

Stúlkum finnst skemmtilegra að heimsækja söfn og menningarstofnanir en strákurum. Verið er að leita leiða til úrbóta. [Sjá meira](#)

SKREKKUR— VERKEFNI MEÐ FORVARNARGILDI

Skrekkur er eitt stærsta forvarnarverkefnið sem unglingum í borginni býðst. [Sjá meira](#)

UNGLINGUM LÍÐUR VEL Í FÉLAGSMÍÐSTÖÐINNI

Ný könnun sýnir að börnum og unglingum líður vel og telja sig örugg í félagsmiðstöðvarstarfi. [Sjá meira](#)

VETRARFRÍ AÐ NORRÆNNI FYRIRMYND

Vetrarfrí eru að festa sig í sessi sem samvera fyrir alla fjölskylduna.

[Sjá meira](#)



VIRKJUM STYRKLEIKA BARNANNA OKKAR

Nýkjörð skóla- og frístundaráð tók til starfa í vor og hefur þegar sett á dagskrá og samþykkt fjölmargar gagnlegar tillögur sem tengjast stefnuáherslum nýs meirihluta. Jafnframt hafa góðar tillögur frá minnihluta ráðsins hlotið brautargengi. Ég fagna því að allir ráðsmenn hafa lagt lið góðum málum óháð pólitískum uppruna þeirra. Þannig rækjum við best skyldur okkar gagnvart borgarbúum.

Nemendamiðað skólastarf

Grundvallarmarkmið okkar er að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Með það að leiðarljósi höfum við sett á fót starfshóp sem mun vinna tillögur um hvernig megi auka áhrif nemenda á innihald og tilhögun síns náms. Við trúum því að vellíðan barna í skóla haldist í hendur við það hvernig þeim gengur í námi og því viljum við að þau hafi meira um það að segja hvað þau læra og hvernig.

Aukum vægi verk-, tækni- og listgreina

Mikilvægur liður í nemendamiðuðu skólastarfi er að viðurkenna í verki að áhugasvið og færni nemenda liggur á ólíkum sviðum. Áherslur í náminu þurfa að endurspeglar þann margbreytileika. Þess vegna viljum við að verk-, tækni- og listgreinum verði gert jafn hátt undir höfði og bóklegum greinum. Starfshópur mun skila tillögum um aðgerðir í þeim efnum í mars 2015.

Eflum lestrarfærni og lesskilning

Á sama tíma og mikilvægt er að auka vægi og áhrif barna og ungmenna á eigið nám er nauðsynlegt að treysta undirstöður fyrir frekara nám og vinnu síðar meir á lífsleiðinni. Þess vegna tökum við alvarlega vísbendingar úr samanburðarrannsóknunum, innlendum sem erlendum, um að stór hluti nemenda glími við lestrarferðileika langt fram eftir aldri. Við höfum sett á fót fagræð sem mun leggja til aðgerðir til að efla lestrarfærni og lesskilning barna í reykviskum skólum. Við leggjum áherslu á að gripið verði til úrræða strax í byrjun grunnskólagöngunnar til að aðstoða þau börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í lestrarnáminu.

Heildstæð stefna um frístundastarf

Í samstarfssáttmála nýs meirihluta er boðuð stefnumótun um frístundapjónustu og félagsstarf fyrir alla Reykvíkinga með áherslu á börn og unglinga. Við bindum miklar vonir við þá vinnu enda er það rauði þráðurinn í stefnu skóla- og frístundasviðs að samþætta skóla- og frístundastarf í innihaldsríkum skólagangi þar sem börn og ungmenni hafa bæði gagn og gaman af því að spreyta sig á fjölbreyttum viðfangsefnum.

Bætum hag barnafjölskyldna

Við leggjum mikla áherslu á að koma til móts við barnafjölskyldur í borginni með því að lækka kostnað þeirra af skóla- og frístundastarfi. Í samræmi við stefnu nýs meirihluta verða leikskólagjöld lækkuð á næsta ári um 4% og reglur um systkinaafslætti rýmkaðar þannig að foreldrar með börn bæði í leikskóla og í frístundastarfi grunnskóla muni njóta systkinaafsláttar. Jafnframt verður frístundastyrkurinn hækkaður. Loks má nefna að verið er að endurskoða allan fjárhag skóla- og frístundasviðs í þeim tilgangi að skapa svigrúm til að styrkja enn frekar fagstarfið í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum. Allar góðar hugmyndir um leiðir til að nýta fjármunina betur í þágu barnanna í borginni eru vel þegnar!



Skúli Helgason,
formaður skóla- og frístundaráðs



Í skóla- og frístundaráði sitja Skúli Helgason, Líf Magneudóttir, Sabine Leskopf, Kjartan Magnússon, Ragnar Hansson, Marta Guðjónsdóttir og Jóna Björg Sætran.

LEIKLISTARGYÐJAN DAFNAR Í LAUFSKÁLUM



Leiklist er samofin öllu fagstarfi í leikskólanum Laufskálum í Grafarvogi. Börnin fá reglulega tækifæri til að koma fram og njóta sín í ýmsum hlutverkum.

Öll börnin í Laufskálum þekkja hin ýmsu störf í leikhúsinu; ljósa-meistarans, leikmyndahönnuðarins, sviðsmanna, leikara og leikstjóra. Þegar sett eru upp leikverk er unnið út frá hugmyndum barnanna og þroska og séð til þess að allir njóti hæfileika sinna. Þannig læra börnin að öll hlutverk eru jafn mikilvæg.



Í leikrænni tjáningu taka börn að sér hlutverk í tilbúnum heimi, kanna mannleg samskipti, finna lausnir á vandamálum og læra af reynslu sinni. Þau fá einnig góða æfingu í að koma fram fyrir hópinn hvert og eitt. Þannig stuðlar leiklistin að sterkari sjálfsmynd ungra barna og aukinni hæfni þeirra til að setja sig í spor annarra og lifa sig inn í ímyndaðar aðstæður. Þá styrkir leiklistin málþroska og framsögn, sköpunarfærni og félagsfærni.



Í Laufskálum vinna leiklistarhópar saman einu sinni í viku, klukkustund í senn, og vikulega koma öll börnin saman á sal og syngja hvert fyrir annað og saman. Fimm sinnum á ári er svo leiklistarvinastund þar sem börn af öllum deildum koma fram í sýningu sem þau hafa sett saman með leik, söng, dansi, búningum og leikmunum. Ein slík var haldin á dögnum þar sem þessar myndir voru teknar og sýna að leiklistargyðjan dafnar vel í Laufskálum í lifandi sköpun og fjöri.
www.laufskali.is

MÖTUNEYTIÞJÓNUSTA SAMRÆMD Í FLEIRI HVERFUM

Í byrjun þessa árs var byrjað að innleiða nýjan þjónustustaðal fyrir mötuneyti leik- og grunnskóla í Grafarvogi. Liður í þeirri vinnu er að samræma hráefnamatseðla og gera svokölluð örútböð í hráefni í sameiginlegum innkaupum. Verkefnið hefur gengið vonum framar og m.a. skilað sér í hagræðingu í rekstri mötuneytanna.

Í haust hófst innleiðing á samræmdum innkaupum í enn öðru hverfi; Laugardal og Háaleiti. Innleiðingin hefur gengið afar vel og miðast innkaup við sex vikna sameiginlegan hráefnamatseðil.

Yfirmenn mötuneyta í Laugardal og Háaleiti eru þegar farnir að næringarútreikna matseðlana og er tekið mið af ráðleggingum Embættis Landlæknis. Stefnt er að því að innleiða fyrir áramót sambærilegan þjónustustaðal fyrir máltíðir í mötuneytum skóla í þriðja borgarhverfinu.

Á heimasíðu Fossvogsskóla og Langholtsskóla má nú skoða næringarútreiknaða skólamatseðla.



Nemendur í Fossvogsskóla með Halldóri Halldórssyni yfirmanni mötuneytisins.

**Vissir þú að 558 leikskólakennarar vinna í leikskólum borgarinnar og 1.319 grunnskólakennarar í grunnskólunum?
Nær 70% leikskólakennara eru komnir yfir fertugt og
75% grunnskólakennaranna.**

AUÐUR Í MARGBREYTILEIKA MÓÐURMÁLA

Grunnskólanemar á Íslandi tala 93 tungumál og 12% nemenda í Reykjavík annað móðurmál en íslensku. En hvað er móðurmál og skiptir máli að vera góður í sínu móðurmáli?

Móðurmál hefur verið skilgreint svo að það sé málið sem barnið lærir fyrst og getur samsamað sig við. Það tungumál gerir barninu kleift að tjá tilfinningar sínar og setja orð á þann veruleika sem það býr við.

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að mikilvægt sé fyrir sjálfsmynd nemenda með annað móðurmál en íslensku að tekið sé tillit til þekkingar þeirra og færni í eigin máli og nauðsynlegt sé að þeir viðhaldi því. Þessi áhersla er studd fjölmörgum rannsóknum sem sýna að móðurmálskunnátta barna spilar sterkt inn í nám þeirra og þroska og að góður grunnur í móðurmáli getur haft grundvallaráhrif á máltöku annars máls.

Stuðningur við nemendur sem hafa annað móðurmál hefur fyrst og fremst falist í að hjálpa þeim að ná tökum á íslensku þannig að þau geti fylgst með í skólastarfinu. Í aðalnámskrá er jafnframt talað um mikilvægi þess að heimili og skóli vinni sameiginlega að því að efla áhuga nemenda á virku tvítyngi, þ.e. að vera jafn fær í eigin móðurmáli og íslensku sem hefur góð áhrif á námsárangur og líðan.

Mikilvægi móðurmálskennslu

Algengt er að horft sé á kennslu í móðurmáli og stuðning við íslenskunám sem tvo andstæða póla. Hér á landi og í nágrannalöndunum hafa áherslur í kennslu barna með annað móðurmál fyrst og fremst verið á að kenna þeim sem fyrst tungumál meirihlutans. Tungumál og menning eru hins vegar samofin og gagnvirk. Að viðurkenna ólík móðurmál er viðurkenning á ólíkri menningu og liður í að taka tillit til mismunandi bakgrunns barna í fjölmennningarlegum nemendahópi. Rannsóknir sýna að virðingastaða móðurmálsins og viðhorf til þess geta haft mikil áhrif á sjálfsmynd barna og trú þeirra á eigin getu.

Fjölmenningarstefna skóla- og frístundasviðs, [*Heimurinn er hér*](#), var samþykkt einróma í borgarstjórn á liðnu vori en þar er eitt af markmiðunum að „öll börn með annað móðurmál en íslensku þrói með sér virkt tvítyngi, þ.e. öðlist færni til að viðhalda og efla móðurmál sitt um leið og þau ná árangri í íslensku“. Þetta er metnaðarfull stefna sem vonandi nær fram að ganga í verki. Í samstarfssáttmála nýs meirihluta í borginni kemur jafnframt fram vilji til að hrinda í framkvæmd áætlun um að efla móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna og hefur verið skipaður starfshópur til að vinna að því.



LEGÓ OG UMHVERFISVITUND Í MELASKÓLA

Nemendur í 7.bekk Melaskóla hafa í haust unnið að skemmtilegu verkefni um orku, orkunýtingu og endurnýjanlega orkugjafa. Þeir notuðu legókubba til að byggja orkuver sem gat breytt vindorku, sólarorku og vatnsorku í raforku.

Í þessu verkefni unnu nemendur eftir vinnuteikningum til að átta sig á því hvernig breyta má orku úr einni mynd í aðra. Þegar orkuverin höfðu staðist prófun bjuggu börnin til tæki að eigin vali sem gátu nýtt raforku til að kveikja ljós eða búa til hreyfingu. Samhliða unnu þau með ýmis hugtök, s.s. endurnýjanleg orkugjafa og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og veltu fyrir sér hvernig spara mætti orku.

Í lokin kynntu börnin verkefni sín og ræddu kosti og galla ólíkra orkugjafa, s.s. með tilliti til umhverfisáhrifa, lífríkis og loftslags. Verkefnið samþætti þannig nám í náttúrugreinum og samfélagsfræði á afar skapandi hátt.


www.melaskoli.is



SNJALLTÆKI OG AUKINN SVEIGJANLEIKI Í SKÓLASTARFI

Á undanförnum árum hafa skólar borgarinnar fengið meira svigrúm til kaupa á tölvubúnaði. Jafnframt hefur skóla- og fristundaráð samþykkt tillögur starfshóps um leiðir til að styðja við skólaþróun með markvissri notkun snjalltækja. Áhersla er á jafnt aðgengi nemenda að tækjabúnaði og að allir skólar fái öflug og örugg þráðlaus net.

Í skýrslu hópsins, [Snjalltæki í skólastarfi](#), kemur fram að skapa þurfi meiri sveigjanleika í skólastarfinu til að laga það að nýjum veruleika, nýjum möguleikum og nýjum áskorunum. Lögð er áhersla á gott aðgengi að búnaði og stóraukinni fræðslu og ráðgjöf til stjórnenda og kennara. Samráð skólafólks er lykilatriði í þeirri öru skólaþróun er tengist notkun snjalltækja og því er mikilvægt er að leita í smiðju þeirra sem þegar hafa reynslu af notkun þeirra við nám og kennslu.



sína eigin spjaldtölvu innan þriggja ára. Klettaskóli mun miðla upplýsingum um gildi og möguleika spjaldtölvunotkunar í námi og kennslu fatlaðra barna á vef [Sérkennslutorgsins](#).

Skapandi nám

Sæmundarskóli í Grafarholti byrjaði að nota spjaldtölvur í kennslu haustið 2013. Þær hafa haft fjölbreytt áhrif á skólastarfið og hafa nemendur m.a. notað þær til að gera stuttmyndir og hreyfimyndir, forrita og útbúa rafrænar verkmöppu. Þá hafa verið gerðar tilraunir með vendikennslu í skólanum. Á þessu skólaári verða jafnframt unnin verkefni fyrir lesblinda nemendur með talgervlum og hljóðbókum. Eins verða gerðar bekkjarbloggsíður sem halda m.a. utan um námsefni og rafræn verkefni í unglingadeildinni. Á [snjallskoli.is](#), sem er upplýsingavefur um þróun snjalltækni í skólum má finna áfangaskýrslu skólans fyrir spjaldtölvuþróunina 2013-2014.

Margvíslegt tölvunám

Nemendur í 10. bekk [Hólabrekkuskóla](#) hafa aðgang að spjaldtölvum sem þeir nota í tímum og taka með sér heim. Þeir nýta einkum tölvurnar til að skrifa texta, þýða, leita að upplýsingum og leysa gagnvirk verkefni og próf í námsumsjónarkerfinu Moodle á [Námsvef grunnskólanna](#). Á yngsta stigi eru einnig spjaldtölvur notaðar í stöðvavinnu í byrjendalæsi og sérkennslu. Skólinn hefur lagt áherslu á upplýsinga- og tæknimennt og eru nemendur í 1.-7. bekk með fasta slíka tíma í hverri viku og fá að auki tíma í forritun. Þá stendur nemendum á unglingastigi til boða ýmsir tölvutengdir valáfangar, s.s. að vinna í FabLab smiðjunni í Eddufelli og á verkstæðum raf- og húsasmíðadeildar Fjölbauta-skólans í Breiðholti.



Spjaldtölvur henta vel í sérkennslu

Reynsla [Klettaskóla](#) sýnir að spjaldtölvur gagnast vel í margvíslegri þjálfun og námi barna með sérþarfir, s.s. til að efla málþroska þeirra og læsi. Spjaldtölvueign skólans hefur aukist til muna í kjölfar sérstakrar fjárveitingar til tölvukaupa hjá sérdeildum og sérskólum. Við innleiðingu hefur verið lögð rík áhersla á samstarf og símenntun kennara og að allir nemendur og fagfólk verði komnir með



BÖRN ERU FLÍNKIR VÍSINDAMENN

Í leikskólanum Björtuhlíð í Hlíðunum hefur um nokkurra ára skeið verið í gangi skemmtilegt þróunarverkefni undir heitinu Vísindaleikir. Það hófst í leikskólanum Hamraborg haustið 2004 og var samstarfsverkefni skólans og Menntavísindasviðs HÍ.

Í Vísindaleik er unnið með námsathafnir sem frá sjónarhóli barnsins eru leikur en frá sjónarhóli kennarans eru jafnframt tilraunir og athuganir á sviði náttúrufræða og raunvísinda. Í þeim leikjum sem þróaðir hafa verið í leikskólanum er unnið með hraða, ljós og skugga, speglun og ljós í gegnum efni. Þá hafa verið þróaðir vísindaleikir um segul og rafmagn og fyrir tveimur árum bættust við leikir um stjörnufræði í samstarfi við Sverri Guðmundsson stjörnufræðing.

Í vísindaleik er börnunum skipt í hópa eftir aldri, 5-9 börn í hverjum þeirra. Hópastarfið hefst með stuttri innlögn þar sem kennari fer yfir eðlisfræðileg hugtök og að því búnu er lagst í rannsóknir með efnivið sem safnað hefur verið saman í vísindakassa. Í lokin setjast allir niður og ræða hvers þeir urðu vísari.



Í vísindaleikjum eru börnin hvött til að viðhalda og þroska með sér eðlislægan áhuga á að rannsaka heiminn. Kennarinn leggur grunn að eðlisfræðilegu hugtakanámi, spyr börnin opinna spurninga og hvetur þau til að tjá sig. Þannig fá börnin orð yfir það sem þau hafa lært, orð sem þau muna og gera þeim kleift að lesa sér til um viðfangs-efnið seinna.

Vísindastarfið í Björtuhlíð er rauður þráður í öllu fagstarfi, börnin verða undrafljótt hæfir rannsakendur og koma kennurunum stöðugt á óvart með þekkingu sinni og orðaforða.

Í daglegu starfi eru börnin í Björtuhlíð oft að pæla, s.s. við matarborðið;


Barn: „Sólin skín í augun á okkur, við getum ekki borðað.“

Kennari: „Á ég að draga niður gardínuna?“

Barn: „Nei þetta er allt í lagi, Jörðin snýst!“

www.bjartahlid.is

MENNINGARFRÆÐSLA MEÐ KYNJAGLERAUGUM



Á ári hverju koma 45.000 börn í skipulagðar heimsóknir til menningarstofnana og safna borgarinnar. Allar hafa þessar stofnanir gert fræðsluáætlun út frá aðalnámskrá hvers skólastigs svo börnin fái fræðslu í samræmi við aldur og þroska.

Í haust lágu fyrir niðurstöður könnunar sem gerð var af *starfshópi um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun*. Var hún m.a. tilraun til að kortleggja þátttöku drengja og stúlkna undir 18 ára aldri í skipulögðum heimsóknum til menningarstofnana borgarinnar og meta hvort drengir og stúlkur nyttu þar sömu þjónustu. Voru þau spurð; a. Lærðir þú eitthvað nýtt? b. Var gaman? og c. Viltu koma aftur?

Helstu niðurstöðurnar voru að 77% barna fannst að þau hefðu gagn og gaman af þessum heimsóknum. Stúlkur voru almennt jákvæðari, og svöruðu 82% þeirra jákvætt á móti 72% drengja. Ánægðust voru yngstu börnin með heimsóknirnar. Sjá skýrsluna [Börn og menningaruppeldi](#):

Starfshópurinn vinnur nú að því að jafna kynjamun í upplifun barnanna og skipuleggja viðburði og kynningar sem höfða betur til drengja.

SKREKKUR— FRÁBÆRT VERKEFNI MEÐ FORVARNARGILDI

Í hugum margra ungmenna er Skrekkur, hæfileikakeppni grunnskólanna, stærsti viðburður skólaársins. Um leið er hann eitt stærsta forvarnarverkefnið sem unnið er að í skóla- og frístundastarfinu.

Frá því að Skrekkur hóf göngu sína 1990 hafa nánast allir skólar borgarinnar með unglingadeild tekið þátt í þessum kraftmikla listviðburði og allt að 20.000 unglingar komið að honum með einum eða öðrum hætti. Keppnin á sinn sess í unglingamenningunni og hefur getið af sér fjölmargar sviðsetningar sem endurspeglar mikla hugmyndaauði og hæfileika í söng, dansi, hljóðfæraleik, leikmyndum, búningum, förðun, lýsingu og leikmunum.

„Það var eiginlega bara ótrúlegt!“

Í Skrekk er boðið upp á frístundastarf sem hefur uppeldislegt og menntunarlegt gildi og tekur mið af aldri nemenda og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi.

Reynslan sýnir að Skrekkur eflir ekki einungis sköpunargáfuna heldur opnar hann unglingum möguleika á því að hugsa út fyrir rammann, æfa verklag og fá þjálfun í hópastarfi. Keppnin eflir þannig sjálfsmyndina, félagsstarfið og samstarf skóla og félagsmiðstöðva, eða eins og einn keppandi orðaði það:

„Skrekkur er gott tækifæri fyrir unga listamenn. Það var gott að kynnast mörgum, t.d. yngri krökkum í skólanum, og fá tækifæri til að vinna saman að einhverju listrænu. Það eru ekki oft tækifæri til þess. Það er haldið svo vel utan um þetta og okkur er leyft að gera svo mikið. Við fengum að ráða öllu um atriðið okkar; söguþræðinum, ljósum, leikmyndinni, búningum og tónlist og það var gaman að fá að nota öll þessi tæki í Borgarleikhúsinu. Það var eiginlega bara ótrúlegt!“

Virgni, frumkvæði og sköpun

Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi í umsjá fagfólks og í öruggu umhverfi hefur ótvírætt forvarnargildi. Skapandi viðfangsefni og sterkar fyrirmyndir auka líkur á því að unglingar kjósi heilbrigðan lífstíl og forðist áhættuhegðun. Með áherslu á virgni, frumkvæði og sköpun er menntunargildið líka ótvírætt enda býður Skrekkur upp á reynslunám og þekkingu sem unglingar búa að og geta yfirfært á samfélag sitt. Þá er ekki síður mikilvægt að þeir geta skemmt sér saman og notið lífsins með jafningjum. Haustið 2014 fara undanúrslit í Skrekk fram 10., 11. og 12. nóvember og keppt verður til úrslita mánudaginn 17. nóvember í Borgarleikhúsinu. Sjá [áhugaverða skýrslu rýnihóps um Skrekk](#).



TÖLFRÆÐI SKÓLA

Á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is er fróðleg tölfraði um alla grunnskóla Reykjavíkur. Þar eru meðal annars upplýsingar um fjölda nemenda í hverjum skóla, samræmd próf og samantekt á upplýsingum úr ýmsum könnunum sem gerðar hafa verið. Í upplýsingum um sérhvern grunnskóla fylgir skjal um skólann í tölum.

FORELDRAVEFUR

Áhugi og hvatning foreldra hefur mest áhrif til góðs á nám og líðan barna í skóla- og frístundastarfi. Virk hlutdeild foreldra og gott samstarf þeirra við starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva er grunnur að farsælli skólagöngu. Á foreldravefnum www.reykjavik.is/foreldrar eru margvíslegar upplýsingar fyrir foreldra um leiðir til að styðja við barnið sitt alla skólagönguna.

UNGLINGUM LÍÐUR VEL FÉLAGSMIÐSTÖÐINNI

Ánægja og líðan unglinga í félagsmiðstöðvum borgarinnar mælist almennt góð og yfir 90% barna og unglinga telja sig örugg í starfinu. Mikil ánægja er með samskipti við starfsfólkið og telja unglingar það vera góðar fyrirmyndir. Þetta kemur fram í nýrri könnun.

Opin hús og böll eru vinsælustu viðburðirnir í félagsmiðstöðvarstarfinu ef marka má svör hátt í átta hundruð unglinga sem svöruðu könnuninni.

Um þriðjungur unglinga tekur þátt í að skipuleggja félagsmiðstöðvarstarfið og mætir á fundi í ráðum og nefndum og láta stelpurnar þar meira að sér kveða. Að mati unglinganna er hlustað á hugmyndir þeirra og flestum þeirra hrint í framkvæmd í félagsmiðstöðinni enda töldu 88% að unglingar réðu miklu um það sem þar er gert. [Sjá könnunina.](#)



Félagsmiðstöðvardagurinn 5. nóvember

Félagsmiðstöðvar í Reykjavík tóku vel á móti gestum 5. nóvember þegar svokallaður Félagsmiðstöðvardagur var haldinn hátíðlegur um allt land. Unglingamenning í öllum myndum fékk að blómstra enda báru unglingarád félagsmiðstöðvanna hitann og þungann af undirbúningi dagsins. Margt var í boði fyrir gesti og gangandi, s.s. kvikmyndagerð, tónlist, dans, leiklist og myndlist. Markmið Félagsmiðstöðvadsins er að gefa ungum og öldnum tækifæri til að heimsækja félagsmiðstöðina í sínu hverfi, kynnast því metnaðarfulla fagstarfi sem þar fer fram, unglíngunum sjálfum og daglegum viðfangsefnum þeirra.

VETRARFRÍ AÐ NORRÆNNI FYRIRMYND

Í febrúar og október eru vetrarfrí í grunnskólum og frístundaheimilum borgarinnar og hafa skóladagatöl allra skóla í borginni verið samræmd. Með því geta frístundamiðstöðvar og menningarstofnanir haft samstarf um að bjóða fjölskyldufólki upp á sérstaka þjónustu þessa frídaga.

Borgin hefur einsett sér að bjóða barnafjölskyldum upp á fjölbreytta viðburði og afþreyingu í vetrarfríum og vinnur starfshópur að því að samræma þá þjónustu. Frístundaheimili í öllum hverfum eru með dagskrá fyrir fjölskyldur og menningarstofnanir borgarinnar hafa boðið fullorðnum með börnum frítt inn á söfn og sýningar og um leið upp á ýmislegt fjölskylduvænt. Þá hafa sundlaugar borgarinnar boðið upp á fría tíma og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn sett upp ratleiki fyrir unga sem aldna.



Svo virðist sem að vetrarfríið sé að festa sig í sessi og var ánægjulegt hversu margir tóku þátt í fjölbreyttum viðburðum sem boðið var upp á í október. Í öllum frístundamiðstöðvum borgarinnar var lífleg dagskrá sem var sérlega vel sótt og fjölmargir notuðu frídagana til að heimsækja menningarstofnanir borgarinnar. Bókasöfnin, Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn iðuðu af lífi þessa daga og ánægjulegt var að sjá ömmur og afa fylgja börnunum, foreldra með aukabörn og aðra koma að njóta.

Framtíðarmarkmið starfshóps um vetrarfrí er að þau nái þeirri festu í hugum borgarbúa að foreldrar nái að skipuleggja sína frídaga þannig að þeir geti verið heima með börnum sínum. Fulltrúar skólayfirvalda hjá borginni hafa óskað eftir því við Samtök atvinnulífsins að vinnuveitendur veiti foreldrum möguleika á að verja tíma með börnum sínum í vetrarfríum þar sem það er hægt.

Fréttabréfið er gefið út af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, s. 411 1111
www.skolarogfristund.is
sfs@reykjavik.is